

## **FUNDARGERÐ**

### **138. FUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS**

Mánudaginn 3. október 2016 kl: 16:15 var haldinn fundur hjá Heilbrigðisnefnd Vesturlands í Ráðhúsi Borgarbyggðar í Borgarnesi.

**Á fundinum voru:**

Ingibjörg Valdimarsdóttir (IV), formaður  
Eyþór Garðarsson (EG), varaformaður  
Hulda Hrönn Sigurðardóttir (HHS)  
Sigrún Guðmundsdóttir (SG)  
Trausti Gylfason (TG)  
Ragnhildur Sigurðardóttir (RS)

Á fundinum voru auk nefndarmanna Helgi Helgason framkvæmdastjóri og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð. Brynja Þorbjörnsdóttir boðaði forföll og varamaður mætti ekki. Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til dagskrár. Hulda Hrönn vék af fundi eftir umfjöllun á 5. lið dagskrár.

**1. Bréf frá Lögreglustjóranum á Vesturlandi 9. ágúst 2016 til HeV um fráveitumál við Krókalón á Akranesi.**

Til rannsóknar hjá Lögreglustjóra er kærúmal er varðar fráveitu OR sem rennur í Krókalón og biður rannsakandi um gögn frá HeV vegna málsins.

*Framkvæmdastjóra falið að senda bréfitara upplýsingar varðandi tímasetta áætlun um hreinsistöð og um forsögu fráveitumála á Akranesi og í Borgarnesi og einnig upplýsingar varðandi stöðu fráveitumála á öðrum þéttbýlisstöðum á Vesturlandi.*

**2. Úrskurðarnefnd Umhverfis- og auðlindamála (ÚUA)– Bréf frá úrskurðarnefnd (ÚUA) til HeV, frá 26. ágúst 2016 vegna kæru á útgáfu á tímabundnu starfsleyfi fyrir HB Granda fiskþurrkun á Akranesi sem gildir til 1. maí 2017.**

Lögð fram drög að bréfi til úrskurðarnefndarinnar.

*Heilbrigðisnefndin felur framkvæmdastjóra að senda framlagt bréf.*

**3. Svarbréf Umhverfisstofnunar (UST) vegna fyrirspurnar HeV um dreifingu á slógi sbr. úrskurð frá 14. apríl 2014.**

Framkvæmdastjóri rifjaði upp forsögu þessa máls sem rekja má til ársins 2011 þegar starfsleyfi fyrir dreifingu á slógi á Félagsbúinu Miðhrauni II var gefið út og kært í kjölfarið. Úrskurður Umhverfis- og auðlindaráðuneytis vegna kærunnar kom 14. apríl 2014.

Samkvæmt efni bréfsins verður ekki séð annað en að óvissa verði áfram um leyfismál fyrir dreifingu á lífrænum áburði þegar hráefni (úrgangur?) kemur frá fiskvinnslum sem getur valdið t.d lyktarmengun og ætti því að falla undir reglugerð um hollustuhætti- og mengunarvarnir en ekki reglugerð um EB 1774/2002 um aukaafurðir dýra.

*Heilbrigðisnefnd ítrekar því óskir sínar til UST um leiðbeiningar vegna dreifingar á slógi.*

**4. Umsókn um bensínafgreiðslustöð N1 við Breiðablik í Eyja- og Miklaholtshreppi.**

N1 hefur sótt um að setja niður nýja bensínafgreiðslustöð við félagsheimilið Breiðablik. Bensínafgreiðsla á Vegamótum verður lögð af.

*Heilbrigðisnefnd samþykkir að auglýsa tillögu að starfsleyfi.*

**5. Yfirtaka eftirlits HES á grænmetisframleiðendum frá MAST, frá 1. júní s.l.**

Opinbert eftirlit með framleiðslu matjurta fluttist frá Matvælastofnun til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga þann 1.júní sl. Þegar breyting á lögum um matvæli nr. 93/1995 tók gildi. Með breytingunni flyst eftirlit með framleiðslu matjurta frá Matvælastofnun til heilbrigðisnefnda (heilbrigðiseftirlits) sveitarfélaga en framleiðsla matjurta telst til frumframleiðslu. Breytingin er gerð að ósk eftirlitsaðila.

Framkvæmdastjóri greindi frá umfangi nýs eftirlits og fjölda matjurtaframleiðenda á Vesturlandi.

**6. Heimasíða HeV.**

Starfsmenn HeV greindu frá því að kominn sé grunnur að heimasíðu HeV og að heimasíðan muni verða tekin í notkun fyrir jól. Farið yfir nokkrar tillögur að merki HeV (lógó) sem liggja fyrir og starfsmönnum falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

**7. Starfsleyfi**

Golfklúbburinn Mostri, Stykkishólmi. Tjaldsvæðið Stykkishólmi. – *Endurnýjun.*

Skeljungur hf. Smiðjuvellir 22, Akranesi. – Bensínstöð, sjálfsafgreiðslustöð. – *Endurnýjun*

Skeljungur hf, Suðurgarði, Grundarfirði. – Bensínstöð, sjálfsafgreiðslustöð. – *Endurnýjun*

Erlendur Samúelsson, Borgarnesi.- Meindýraeyðing. – *Nýtt*

Umhverfisstofnun, snyrtingar við Gestastofu UST, Malarrífi, Þjóðgarðinum Snæfellsbæ.- *Nýtt*

*Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreind leyfi*

**8. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitinga- og gististaða.**

Tjaldanes 2 Dalabyggð, Tjaldanes ehf., Gististaður-íbúð. – *Nýtt*

Hellnafell Grundarfirði, Hellnafellshestar ehf. – Heimagisting.-*Nýtt*

Kverná, Grundarfirði.- Heimagisting. – *Nýtt*

Hólar Helgafellssveit, Stundarfriður ehf., – Sumarhús. – *Breytt/ Nýtt*

Súandiseyjargata 8, Stykkishólmi.- Gististaður, íbúð. – *Nýtt*

Mýrar, Grundarfirði. Gististaður, sumarhús, Nónsteinn. – *Nýtt*

Grundargata 6, Grundarfirði. Gististaður, íbúð. – *Nýtt*

Gamli bær, Húsafelli. – Gistiheimili- *Endurnýjun.*

Kjarvalströð 6, 8 og 12, Hellnum, Hellnar ehf. – Gististaður, 3 íbúðir. – *Nýtt*

Hlíð, Dalabyggð. Guðlaugur S. Sigurgeirsson ehf, - „Dalahyttur“, Gisting, 3 sumarhús. - *Nýtt.*

*Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreindar umsagnir.*

## 9. Umsagnir til sýslumanns vegna tækisfærisleyfa.

- Krummafótur ehf, Stykkishólmi vegna útveitinga á Dönskum dögum.
- Gamla Kaupfélagið Akranesi, Nemendafélag FVA, skólansleikur 25. ágúst s.l
- Samkomuhúsið Þverárrétt, Kvenfélag Þverárhliðar, dansleikur 26. ágúst s.l
- Félagsheimilið Tjarnarlundur, Saurbæ, réttardansleikur 17. september s.l.
- Hjálmaklettur Borgarnesi, Eigið fé ehf, Sauðamessudansleikur 1. október s.l
- Háskólinn á Bifröst, Nemendafélag Háskólans á Bifröst , Skemmtun 23. september s.l
- Félagsheimilið Dalabúð, Búðardal. Félag sauðfjárbænda. Dansleikur 22. október n.k
- Ípróttahúsið Laugum, Dalabyggð. Sviðaveisla, hagrýðingakvöld, dansleikur 21. október. Félag Sauðfjárbænda í Dölum.

*Framlagt.*

## 10. Brennur og flugeldasýningar

Björgunarsveitin Berserkir flugeldasýning í Súgandisey 13. ágúst s.l

*Framlagt*

## 11. Aðrar umsagnir

- Borgarbyggð. Umsögn send byggingarfulltrúa vegna deiliskipulags í landi Deildartungu 2.
- Dalabyggð. Umsögn send sveitarstjóra vegna deiliskipulags á Laugum, Sælingsdal.
- Stykkishólmur. Umsögn send skipulags- og byggingarfulltrúa vegna breytts skipulags við Vatnsás.
- Snæfellsbær. Umsögn send byggingarfulltrúa vegna teikninga af reiðhöll í Ólafsvík og af reiðhöll á Lýsuhóli.

*Framlagt.*

## 12. Önnur mál

- **Haustfundur Heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (HES) og aðalfundur SHÍ (Samtök Heilbrigðiseftirlitssvæða Íslands ) 11. og 12. október í Reykjavík.**  
*Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri sæki aðalfund SHÍ. Formanni einnig heimilt að sitja haustfund HES.*
- **Bókun frá 16. september s.l sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar um brot á starfsleyfi svínabús Stjörnugrís á Melum.**  
*Lögð fram drög að bréfi frá HeV til sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar varðandi málið. Samþykkt að senda framlagt bréf til Hvalfjarðarsveitar. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir upplýsingum frá Matvælastofnun um hvort salmonellusmit hafi komið upp á svínabúinu á Melum í Hvalfjarðarsveit.*
- **Fráveitur og skólp.**  
Drög að nýrri reglugerð sem birt voru 30. ágúst s.l á vef Umhverfis- og auðlindaráðneytis.  
*Framlagt.*

- **Dómur Hæstaréttar frá 22. september s.l um myglusvepp í leiguhúsnæði á Suðurnesjum.**

Framkvæmdastjóri greindi frá helstu atriðum í nýjum dómi sem má ætla að sé fordæmisgefandi.

*Framlagt.*

- **Niðurrif skipa, aðstaða og leyfi.**

Afrit af svarbréfi UST til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja frá 26. september s.l. vegna fyrirspurnar um aðstaður og starfsleyfi sem gilda þurfi um niðurrif skipa.

*Framlagt.*

- **Fundaáætlun Heilbrigðisnefndar Vesturlands fyrir árið 2017.**

Starfsmönnum HeV falið að setja fram áætlun um fundadaga (mánudaga) fram til júní 2017.

- **Hvalreki- Samþykktar starfsreglur frá árinu 2005.**

Framkvæmdastjóri fór yfir starfsreglur fyrir hvalreka.

**Fundi slitið kl: 18:15**